Tilvísun 2020010040 | Reykjavík | 17. nóvember 2020

Benedikt Kolbeinsson
Vallarlandi 1A

800 SELFOSS

**Tilkynning um niðurfellingu Votumýrarveg (3263-01) af vegaskrá, Skeiða- og Gnúpverjahreppur.**

Vísað er til bréfs Vegagerðarinnar, dags. 16.06.2020. þar sem tilkynnt var um að fyrirhugað væri að fella Votumýrarveg (3263-01), mynd 1, af vegaskrá þar sem hann uppfyllir ekki lengur skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga um héraðsvegi, sem er einn flokkur þjóðvega.




*Mynd 1 er yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu vegar við Skeiða- og Hrunamannavegur (30-02) (kortasjá Vg. RMJ)*

Með ofangreindu bréfi var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við fyrirhugaða ákvörðun fyrir 14. júlí sl. Engar athugasemdir bárust innan tilgreinds frests.

Með bréfi þessu er hér með tilkynnt um að Votumýrarveg (3263-01)uppfyllir ekki skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 og verður því felldur út af vegaskrá sem þjóðvegur frá og með næstu áramótum, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um héraðsvegi nr. 774/2010 með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 8. gr. vegalaga.

Landeiganda er hins vegar bent á að hægt er að sækja um að vegurinn verði tekinn inn á vegaskrá sem héraðsvegur ef forsendur breytast (atvinnurekstur). Umsókn og leiðbeiningar um hana má nálgast á heimasíðu Vegagerðarinnar www.vegagerdin.is. Einnig er hægt að hafa samband við undirritaðan vegna umsóknar.



**Vegagerðin**
Borgartún 5–7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Ákvörðun þessi er kæranleg til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Svanur G. Bjarnason
Svæðisstjóri Vegagerðarinnar

Undirskrift

Svanur Bjarnason

Vegagerðin
Suðursvæði

Afrit: Skeiða- og Gnúpverjahreppur; skeidgnup@skeidgnup.is